

Nd.

347. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 35 12. febr. 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðis-samþykktir.

Flm.: Gunnar Thoroddsen, Jóhann Hafstein, Sigfús Sigurhjartarson.

1. gr.

Á eftir 1. másl. 1. gr. laga nr. 35 1940 komi nýr másl., svo hljóðandi: Í Reykjavík er borgarlæknir einnig sjálfkjörinn í nefndina.

2. gr.

Upphaf 6. gr. orðist svo:

Í kaupstöðum utan Reykjavíkur skal bæjarstjórn o. s. frv.

3. gr.

a. Á eftir 1. málsgr. 6. gr. laganna komi ný (2.) málsgr., svo hljóðandi:

Í Reykjavík skipar bæjarstjórn, að fengnum tillögum heilbrigðisnefndar, borgarlækni, er sé embættisgengur læknir. Hann skal vera ráðunautur bæjarstjórnar í heilbrigðismálum, hafa með höndum eftirlit og daglegar framkvæmdir í heilbrigðismálum bæjarins, þeim er héraðslæknir hefur hingað til annast, öðrum en sóttvarnarmálum, samkvæmt heilbrigðissamþykkt, og önnur þau störf, er bæjarstjórn kann að fela honum. Borgarlæknir fær laun úr bæjarsjóði.

b. 2. málsgr. verði 3. málsgr.

4. gr.

Fyrir „1000 kr.“ í 1. málsgr. 8. gr. laganna komi: 5000 kr.

5. gr.

Að því leyti, sem ákvæði laga þessara fela í sér breytingu á starfssviði héraðslæknis í Reykjavík, koma þau til framkvæmda, þegar núverandi héraðslæknir lætur af embætti. Að öðru leyti koma ákvæði laganna þegar til framkvæmda.

Greinargerð.

Fr. þetta er flutt eftir tilmælum bæjarráðs Reykjavíkur.

Samkv. lögum nr. 35 frá 1940 eiga bæjarstjórnir að ráða heilbrigðisfulltrúa, sem á að annast daglega eftirlitsstarfsemi fyrir hönd heilbrigðisnefndar undir eftirliti héraðslæknis. Lögin gera engar kröfur um kunnáttu heilbrigðisfulltrúa, prófskilyrði eða læknismennt.

Þegar starf heilbrigðisfulltrúa í Reykjavík varð laust fyrir nokkru, þótti bæjarstjórninni æskilegt að reyna að fá lækni í það starf til þess að tryggja svo vel sem verða mætti fullkomið heilbrigðiseftirlit í bænum. Jafnhliða þessu var ráðgert af

bæjarstjórn og bæjarráði, að staðan yrði gerð að sjálfstæðu starfi undir stjórn bæjaryfirvalda. Á þessum grundvelli tókst að fá ágætan og vel menntaðan lækni, dr. med. Jón Sigurðsson, til þess að taka að sér starfið. Þetta frv. er flutt til þess að hrinda í framkvæmd ofangreindum fyrirætlunum bæjarstjórnar Reykjavíkur.

Af þeim rökum, er hníga til þeirrar nýbreytni, að starf heilbrigðisfulltrúans í Reykjavík sé sjálfstætt starf undir yfirstjórn bæjarvalda, skulu þessi nefnd:

Laun heilbrigðisfulltrúans eru að öllu greidd úr bæjarsjóði. Langmestur hluti kostnaðar við þau störf, er heilbrigðisfulltrúi stjórnar, er greiddur úr bæjarsjóði, og má þar m. a. nefna sorphreinsun, sem nam hátt á aðra milljón kr. á liðnu ári. Er því eðlilegra, að sá embættismaður, er hefur umsjón með notkun slíkra fjárhæða bæjarsjóðs, sé háður yfirvöldum bæjarins en ríkisins. Þá er og nauðsynlegt, að sá maður, er hefur hið daglega eftirlit með framkvæmd heilbrigðissamþykktar og því kunnugastur þeim málum, hafi sem frjálsastar hendur til starfans, enda ætti því að vera fullvel borgið í hans höndum, þegar um leið er sett það skilorð, að hann sé læknir að mennt.

Með hliðsjón af því skilyrði þykir rétt að lögfesta heitið „borgarlæknir“ í starfi þessu. Hafa samsvarandi yfirmenn heilbrigðismála á Norðurlöndum tilsvarandi heiti (Stadslæge, Stadsläkare).

Þær athugasemdir kunna að heyrast, að með þessu sé mikið af embættisstörfum héraðslæknisins í Reykjavík af honum tekið. En það embætti er nú mjög umfangsmikið. Þótt frumvarp þetta yrði samþykkt, mundi héraðslæknirinn hafa ærið nóg og mikilvæg störf með höndum, svo sem allt farsóttæftirlit og varnir gegn næmum sjúkdómum, veita forstöðu sóttvarnahúsi ríkisins, hafa yfirumsjón með hvers konar sóthreinsun, skýrslugerð um heilsufar í bænum, skoðanir á skólabörnum, bólusetningar, skipulagðar rannsóknir á heilsufari barna og unglínga, eftirlit með læknum, ljósmæðrum, hjúkrunarkonum, lyfjameðferð, vera fulltrúi landlæknis og heilbrigðisstjórnar gagnvart læknum bæjarins, sjálfkjörinn meðlimur heilbrigðisnefndar o. fl., o. fl.

Frumvarp þetta hefur engan aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð. Það felur aðeins í sér þá skipulagsbreytingu, að heilbrigðisfulltrúinn í Reykjavík, sem verði nefndur „borgarlæknir“, verði sjálfstæður starfsmaður bæjarstjórnar Reykjavíkur í stað þess að vera undirmaður embættismanns ríkisins, er eigi hefur neitt sjálfstætt vald til boðs eða banns í málum þeim, er til hans taka.

Sektarhámark fyrir brot á heilbrigðissamþykktum er nú svo lágt, að oft getur aðilum orðið tilvinnandi að þverskallast við skipun heilbrigðiseftirlitsmanna um lagfæringar. Er því stungið upp á breytingu í því efni.

Eftir öllum atvikum þykir rétt, að þessi nýja skipan á starfsviði héraðslæknis og borgarlæknis komi þá fyrst til framkvæmda, er héraðslæknirinn í Reykjavík, Magnús Pétursson, lætur af embætti. Jafnframt er þá gert ráð fyrir, að hann veiti borgarlækni sem frjálsastar hendur um heilbrigðiseftirlitið, enda hefur Magnús Pétursson fagnað því að fá læknisfróðan mann til þessara starfa með sér.